



Kópavogur, 20 nóvember 2025

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Urðarhóll

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Urðarhóls uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd með fyrirvara um umsögn foreldraráðs skólans.**

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://viðmið.um.gæðastarf.í.leikskólum|Reykjavíkurborg(reykjavik.is))



Leikskóli: Urðarhóll
Dagsetning yfirferðar: 12. nóvember 2025

Starfsáætlun	Dökkgrænn,Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Greinagóð umfjöllun stjórnenda er í inngangi um starf síðasta árs með öllum þeim áskornum sem voru í skólanum ásamt áherslum
Skólastarfið/Leiðarljós		Við endurskoðun skólanámskrár voru einkunnarorð skólans endurskoðuð og eru ný einkunnaroð hans „Heilbrigði, Sköpunargleði og Vinátta“
Innra mat leikskólans 2024-2025		Einstaklingsmat fer fram tvisvar á ári á stöðu barna í þroska og getu þeirra í áherslum skólans. EFI-2 og HLJÓM-2 er lagt fyrir árlega og eru gerð góð skila á niðurstöðu beggja skimana. Mat barna er framkvæmt í skólanum
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Í niðurstöðu viðhorfsskönnunar sem Skólapúlsinn framkvæmdi meðal starfsfólks kemur meðal annars fram mikil ánægja með styttingu vinnuvikunnar. Ábendingar voru frá starfsfólki að fækka þurfi börnum á deildum og komu þær ábendingar einnig fram í niðurstöðum viðhorfsskönnunar á meðal foreldra
Umbótaáætlun leikskólans		Greinagóð Umbótaáætlun fylgir
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs - Stjórnendur telja að heimsmarkmiðin séu samofin starfi skólans - Skólinn er á öðru ári í innleiðingarferli í að verða réttindaskóli UNICEF - Unnið verður að gerð læsis- og málstefnu fyrir skólann á komandi skólaári og er stefnan sett á að innleiða báðar stefnur á vormánuðum - Endurskoðun skólanámskrár skólans fór fram á liðnu skólaári þar sem meðal annars eru nýjar áherslur í aðalnámskrá leikskóla. Skólanámskráin var send inn til leikskóladeildar í júní til yfirlstrar. Því miður hefur ekki unnist tími í það verkefni hjá leikskóladeild en skólanum er heimilt að



		birta skólanámskrána og mun umsögn leikskóladeildar og samþykkt leikskólanefndar vonandi berast fyrir lok árs • Hæfniráttar í íslensku eru nýttir fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólanum en hafa stjórnendur hug á að innleiða þá vinnu enn frekar • Stjórnendur telja að innleiðing Farsældarinnar hefur gengið vel í skólanum • Lausnarteymi er starfandi í skólanum sem fundar mánaðarlega. Almenn ánægja er innan skólans með teymið • Lýðræðisleg kosning var á meðal barnanna á öllum deildum um hvernig verja ætti þeim fjármunum sem skólanum var úthlutað í tengslum við verkefnið „Okkar skóli“
Þróunar- og nýbreytnistarf		Skólinn er þátttakandi í þróunarverkefninu „Lestur á mörkum skólastiga“
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við skólann. Foreldrar eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu og félaginu með tölvupósti að lokinn kosningu í upphafi skólaárs
Starfsfólk		Samsetning starfsfólks og stöðugildi þeirra eru gerð góð skil og er ánægjulegt að sjá að 59% starfsfólks eru félagsmenn FL. Breytingar urðu innan stjórnendateymis skólans en nýr leikskólastjóri og nýr aðstoðarleikskólastjóri tóku við í upphafi síðast liðins skólaárs.
Símenntunaráætlun		Greinagóð Símenntunaráætlun fylgir
Skipulagsdagar		Vel er skilgreint hvenær skipulagsdagar verða á skólaárinu ásamt viðfangsefnum þeirra
Aðrar upplýsingar		Greinargóð samantekt er á fjölda barna á komandi skólaári í skólanum ásamt aldursskiptingu þeirra og fjölda dvalarstunda. Einnig er tilgreint fjöldi barna með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn. Fjöldi stöðugilda vegna sérkennslu er tilgreint ásamt því hvernig henni er háttað
Húsnæði og lóð		Samantekt er á hvaða viðhald var framkvæmt á liðnu skólaári en einhverja hluta var ekki farið í framkvæmdir í sumarlokun sem fyrirhugðar voru en



		það var að setja upp nýja innréttingu í listaskálann og setja nýjan gólfdukk. Stjórnendur bíða eftir að verða upplýstir um hvenær það verður gert. Fram koma óskir um viðhald á komandi skólaári. Stjórnendur hafa fengið vilyrði fyrir því að lóð skólans verði endurnýjuð sumarið 2026
Öryggismál		Öryggisnefnd og áfallaráð er starfandi við skólann. Slys í skólanum eru skráð í Atvik og var eitt slys sem þurfti meðferð tannlæknis
Lokaorð		Áherslur og umbætur í starfi skólans koma fram í starfsáætlun
Fylgigögn		➤ Umbótaáætlun ➤ Símenntunaráætlun ➤ Leikskóladagatal
Umsögn foreldraráðs		Umsögn vantar